



## Íþróttafélagið Völsungur

Húsavík, 23. febrúar 2023  
nr. erindis 202302011 KPP

Á 142.fundi Fjölskylduráðs Norðurþings (21.02.2023), var tekið fyrir neðangreint erindi.

### **Inngangur**

Fyrir fjölskylduráði liggur erindi frá Völsungi. Erindið varðar umsögn félagsins við viðbyggingu íþróttahallarinnar á Húsavík. Óskað er eftir svörum við spurningum sem fram koma í bréfinu:

- Erum við að rýra möguleika til frekari viðbygginga/stækkunar við íþróttahöllina og er þá verið að meina í íþróttalegum tilgangi?
- Hver er framtíðarsýn varðandi uppbyggingu hallarinnar, hvaða möguleika höfum við í framtíðinni þegar fyrirhuguð viðbygging er komin?
- Er trygging að Græna torg verði íþróttafélagsins til framtíðar en verði ekki nýtt að nýju seinna meir þegar vantar aukið pláss fyrir eitthvað annað en tengist íþróttastarfi, s.s frístund og félagsmiðstöð?
- Hvað er hugsað á neðri hæð nýrrar viðbyggingar, er möguleiki að það geti farið undir aukið húsnæði tengt íþróttastarfi. Er þá verið að meina framlenging á íþróttasalnum sjálfum undir t.d fimleika, bardagaíþróttir, blak og íþróttaskólann svo dæmi séu tekin. Það háir fimleikadeildinni mikið að þurfa að færa til búnað þegar æfingar eru. Ef neðri hæðin væri nýtt sem fimleikasalur gæti deildin keypt tæki sem væru þar áföst og hentað þannig starfinu betur. Að auki gera fimleikataeki í dag ráð fyrir að þau séu ekki flutt fyrir og eftir hverja æfingu og salurinn svo einnig nýst í annað íþróttastarf. Þetta á einnig við um bardagaíþróttadeildina.
- Ef farið verður í viðbyggingu verður ekki örugglega samráð við Völsung um hvernig sé hægt að nýta þau rými sem skapast fyrir íþróttastarf sem fram fer í höllinni og þau rými hönnuð með íþróttastarf til hliðsjónar? Þá er átt við bæði æfinga aðstaða, aðstaða fyrir þjálfara, fundi og fyrir viðburði.
- Ef svarið við vangaveltunum að ofan er á þá leið að ekki sé hægt að nýta nýtt húsnæði sem íþróttastöðu og aðstöðu fyrir deildir að þá er spurning hvort hafi verið kannaðir aðrir möguleikar, s.s að byggja við skólann þannig að íþróttahöllin geti áfram þjónað íþróttastarfi og ekki sé búið að rýra möguleika til framtíðar um að byggja íþróttatengd við höllina.

Í þessu samhengi væri tilvalið að staldra við og móta stefnu í sveitarfélaginu sem snýr að íþrótt- og æskulýðsmálum. Í þeirri stefnu þyrfti að koma inn á viðhald, uppbyggingu og ný framkvæmdir í íþrótt- og æskulýðsmálum, íþróttastarfi og sveitarfélaginu til heilla.

### **Niðurstaða**

Fjölskylduráð felur íþrótt- og tómstundafulltrúa að vinna drög að svari og leggja fyrir ráðið að viku liðinni. Ráðið hyggst boða fulltrúa Völsungs á samráðsfund þegar nýjar teikningar liggja fyrir.



## Svar frá Íþrótt- og tómstundafulltrúa

Til stendur að byggja viðbyggingu við íþróttahöllina á Húsavík. Málið er nú til umfjöllunar hjá nefndum sveitarfélagsins og ekki komin endanleg niðurstaða með hönnun, útlit eða skipulag á húsinu og því ekki gott að svara öllum þeim spurningum sem komu fram í ofangreindu erindi frá Íþróttafélaginu Völsungi.

Hins vegar má benda á að á sama fundi og erindið frá Völsungi var tekið fyrir var fjallað um áðurnefnda viðbyggingu.

Bókun fjölskylduráðs um húsnæði fyrir frístund barna var eftirfarandi:

*„Fjölskylduráð gerir ráð fyrir að frístundastarf fyrir 1.-10. bekk fyrir öll rúmist í húsinu. Horft er til þess að frístund og félagsmiðstöð hafi að hluta til sérrými og að hluta til verði rými og búnaður samnýtanleg. Rými verði að hluta til hönnuð með hreyfingu í huga og fjölbætta notkunarmöguleika. Ráðið vísar málinu til skipulags- og framkvæmdaráðs.“*

Brýn nauðsyn er að leysa húsnæðismál frístundar fyrir 1.-4. bekk en eins og staðan er í dag eru um 90 börn skráð í vistun eftir að skóla líkur hvern dag. Heimahöfn frístundar ef svo má segja er efri hæð íþróttahallarinnar og gefur augaleið að það rými er einnig sprungið. Einnig er verið að horfa til þess að félagsmiðstöðvarstarf ungmenna (5.-10. bekkur) er starfrækt í húsnæði sem er tekið á leigu. Norðurþing gæti því sparað sér leigugreiðslur ef félagsmiðstöð verður starfandi í fyrirhugaðri viðbyggingu. Við þetta má bæta að Borgin skammtímavistun fyrir börn með fjölbættar stuðningsparfir (5.-10. bekkur) er lögbundið úrræði sem er opið alla virka daga. Ef starfsemi Borgarinnar er fléttuð saman við skipulagt félagsstarf ungmenna má ná fram öflugum félagsstarfi án aðgreiningar.

Að þessu sögðu má draga svarið saman í að verið sé að leggja upp með að koma starfsemi frístundar, félagsmiðstöðvar og Borgarinnar í fyrirhugaða viðbyggingu. Bókun fjölskylduráðs gefur einnig fyrirheit um að viðbyggingin geti nýst til hreyfingar og tónað þannig við þá starfsemi sem þegar er íþróttamannvirkinu. Hönnun hússins í vinnslu og verður því að koma í ljós hvernig til tekst í að samþætta þau verkefni sem upp hafa verið talin.

Þetta tilkynnist hér með  
Virðingarfyllst,  
f.h. tómstunda- og æskulýðsnefndar

---

Kjartan Páll Þórarinsson  
Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi